



Vestmannaeyjabær
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Friðrik Björgvinsson
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 9. maí 2011
Tilvísun: UST20110200117/sá

Dagsektir og takmörkun á starfsemi

Leiðrétt bréf

1. Málsatvik

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2011 tilkynnti Umhverfisstofnun Bæjarveitum Vestmannaeyja um áform um að svipta Sorporkustöð Vestmannaeyja starfsleyfi sem gefið var út 1. júlí 2004 með vísan í 6. mgr. 38. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 23. mars 2011 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Umhverfisstofnun vísaði í framangreindu bréfi til fyrra bréfs stofnunarinnar, dags. 12. maí 2010, þar sem rekstraraðila var veitt áminning og krafa gerð um úrbætur, sbr. 38. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, þar sem losunarmörk starfsleyfis fyrir sorporkustöð Bæjarveitnanna voru ekki uppfyllt. Gerð var krafa um að settur yrði upp fullnægjandi hreinsibúnaður eða aðrar fullnægjandi ráðstafanir gerðar sem draga myndu úr magni ryks í útblæstri. Ennfremur var farið fram á nýjar mælingar skv. starfsleyfi og að þær yrðu gerðar í september 2010.

2. Mörk varðandi ryk

2.1. Útblástursmælingar

Þegar rekstraraðila var veitt áminning og krafa gerð um úrbætur þann 12. maí 2010 var vísað til þeirra mælinga sem þá lágu fyrir nýjar um magn ryks í útblæstri. Þá mældist magn ryks í útblæstri 429 mg/Nm³ annars vegar og 460 mg/Nm³ hins vegar. Mælingar á útblæstri fóru aftur fram 7. september 2010. Í þeim kemur fram að ryk í útblæstri mældist 462 mg/Nm³. Samkvæmt nýjustu mælingum á útblæstri frá því í mars 2011 er ryk í útblæstri 420 mg/Nm³. Samkvæmt framansögðu mælist nú lítillæg lækking á magni ryks í útblæstri frá mælingu ársins 2010.

Losunarmörk samkvæmt starfsleyfinu eru 200 mg/Nm³ samkvæmt skilyrði 2.15. í starfsleyfi sorporkustöðvarinnar.

Mælingar á útblæstri sem gerðar hafa verið árin 2004, 2005, 2007, 2008, 2009 og 2010 hafa allar sýnt niðurstöður þar sem rykmagn í útblæstri sorporkustöðvarinnar er allt að þrefalt það magn sem tilgreint er sem hámark losunar í starfsleyfi. Í september 2004 mældist rykmagn 333 mg/Nm³, í desember 2005, 626 mg/Nm³, í janúar 2007, 681 mg/Nm³ og í október sama ár var það 421 mg/Nm³. Í mælingum frá í apríl 2008 mældist ryk í útblæstri 493 mg/Nm³ og í júní 2009, 460 mg/Nm³.

Í öllum tilfellum hefur verið minnst á ofangreind frávík í eftirlitsskýrslum með fyrirtækinu og farið fram á úrbætur.

2.2. Sjónarmið rekstraraðila

Umhverfisstofnun barst greinargerð frá Umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyja f.h. Bæjarveitna Vestmannaeyja (rekstraraðila) þann 8. febrúar 2011 um stöðu sorpmála í Vestmannaeyjum og meðhöndlun sorps. Í greinargerð þeirri kemur m.a. fram að stöðin hafi verið hönnuð miðað við að ryk mætti vera 500 mg/Nm³ miðað við 17% súrefnisinnihald, einnig að töluverður munur sé á því hvort miðað sé við það mæligildi sem kemur fram í mælingu eða hvort umreiknað sé að staðalaðstæðum eins og krafist er í reglugerð og í starfsleyfi. Þannig sé mæligildi fyrir magn ryks í útblæstri 294 mg/Nm³, en ef umreiknað miðað við 11% súrefnisinnihald sé gildið



462 mg/Nm³ og 182 mg/Nm³ ef miðað við 17% súrefnisinnihald. Losunarmörk miðað við 11% súrefnisinnihald er 200 mg/Nm³.

Í svörum rekstraraðila, dags. 18. mars 2011 er á ný rakið að settur hafi verið upp fellitur til að skola út ryki í útblæstri. Rakið er að örðugleikar hafi komið í ljós við notkun felliturnsins, rafmang hafi skort, vatn sé takmarkað og kostnaður mikill. Lögð er áhersla að rekstraraðili fái svigrúm til að prófa tæknina áfram. Fram kemur að náðst hafi að fella efni úr reyknum í skolvatni og vonast sé til að þegar fullri virkni verði náði muni rykið falla út í vatnið í ríkari mæli en nú er. Ástæða sé til að geta þess að notkun sem þessi á felliturnum sé þekkt við t.d. fiskimjölverksmiðjum og skili þar góðum árangri eftir margra ára þróun. Hins vegar sé um nýsköpun að ræða þegar kemur að notkun felliturna við sorpbrennslur. Náist árangur af þessu verkefni sé um bæði afar umhverfisvæna leið að ræða sem og hagkvæma. Því vilji rekstraraðili benda á að þróun og prófanir á tækni sem þessari taki langan tíma og nauðsynlegt sé að fá tækifæri til að prófa hlutina og þróa þá áfram. Ætlun rekstraraðila sé að ná sjómagni í 100 rúmmetra á klukkustund og sé það von að þá muni markmið um losunarmörk á ryki nást. Aukalega hafi verið að mælast Díoxín í skolvatni, en það gefur til kynna að Díoxínið sé þá ekki að fara út í loftið með reyknum. Einnig sé það athyglivert sökum þess að Díoxín binst ekki við vatn og er því ljóst að Díoxín er að binda sig við önnur efni sem falla út í felliturninum.

Í kjölfar fundar sem haldinn var með fulltrúum rekstraraðila þann 18. apríl sl. sendi rekstraraðili erindi, dags. 20. apríl 2011 þar sem farið er fram frest til úrbóta á losun ryks í útblæstri.

Í bréfinu segir að það sé einlægur vilji Vestmannaeyjabæjar að mál Sorporkustöðvarinnar séu í góðu lagi og mikið hafi verið gert síðustu ár til að ná þeim viðmiðunarmörkum sem Umhverfisstofnun setji fyrir slíka starfsemi. Þrátt fyrir mikil fjárútlát hafi þessar framkvæmdir því miður ekki uppfyllt þær væntingar sem til þeirra voru gerðar og Vestmannaeyjabær óski eftir svigrúmi til að fara nýjar leiðir í mengunarvörnum. Ákveðið hafi verið að ráða Verkfræðistofuna Mannvit til ráðgjafar í málefnum Sorporkustöðvarinnar. Skv. tölvupósti frá Þór Tómassyni verkfræðingi muni Mannvit skila hugmyndum á möguleikum til úrbóta þann 1. júní n.k. Þann 10. júní nk. muni liggja fyrir hvaða aðferð verður fyrir valinu hjá Vestmannaeyjabæ og muni Mannvit útfæra þá aðferð og koma með verk- og tímaáætlun ásamt kostnaðaráætlun þann 1. september 2011. Samhliða þessu muni starfsmenn Vestmannaeyjabæjar skoða möguleika á hreinsun með rafsíur og möguleikum á notkun þeirra. Niðurstöður þeirra athugana ættu að liggja fyrir samhliða niðurstöðum Mannvits þann 1. júní en fram að þeim tíma séu einungis 5 vikur svo nauðsynlegt sé að vinna hratt og örugglega að þessum málum. Einnig hafi Vestmannaeyjabær óskað eftir því við Nýsköpunarmiðstöð Íslands að framkvæmd verði mæling á losun ryks í útblæstri strax eftir páska þar sem grunur leiki á um að loki sem stjórnar súrefnisflæði í eftirbrensluhólfi hafi ekki virkað sem skyldi. Hefur svar borist og er starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar tilbúinn að koma dagana 4-6. maí og telur að bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir í vikunni á eftir. Þá hafi Vestmannaeyjabær einnig þegar hafið athugun á þeim möguleika að kaupa nýja Sorporkustöð sem uppfylla myndi öll þau skilyrði sem slíkum stöðvum er sett. Sá feril muni þó í öllum tilvikum taka að minnsta kosti 2 ár enda kalli hann m.a. á breytingar á aðalskipulagi.

Í bréfinu segir ennfremur að það hafi aldrei verið ætlun Vestmannaeyjabæjar að brjóta gegn gildandi starfsleyfi, heldur hafi þvert á móti verið lögð mikil áhersla á að uppfylla kröfurnar sem gefnar eru út í starfsleyfinu. Nú sé svo komið að ryk mælist yfir mörkum en öll önnur efni undir þeim mörkum sem stöðinni eru settar. Því mun Vestmannaeyjabær annarsvegar leggja áherslu á að minnka útblástur ryks sem frekast er unnt og hinsvegar að kanna forsendur þess að hefja forundirbúning að kaupum á nýrri sorporkustöð. Með hliðsjón af framansögðu óski Vestmannaeyjabæjar eftir fresti UST til að vinna að þeim lagfæringum sem þarf.

2.3. Niðurstaða Umhverfisstofnunar varðandi ryk í útblæstri

Samkvæmt grein. 2.15. í starfsleyfi sorporkustöðvarinnar eru losunarmörk fyrir ryk 200 mg/Nm³. Mörkin byggja á sérstöku ákvæði 38.gr. reglugerðar um brennslu úrgangs um losunarmörk fyrir ryk í starfandi sorpbrennslum. Almenn mörk fyrir sorpbrennslur eru 10 mg/Nm³.

Umhverfisstofnun minnti í bréfi sínu dags. 23. febrúar 2011 á að samkvæmt 38. grein reglugerðar, nr. 739/2003, um brennslu úrgangs er, þegar í hlut eiga stöðvar með afköst undir einu tonni á klukkustund, „heimilt að miða losunarmörk við 17% súrefnisinnihald“. Ef svo er má styrkur ekki fara yfir þau gildi sem kveðið er á um í 1. mgr., deilt með 2,5.“ Þannig verða mörkin fyrir ryk miðað við 17% súrefnisinnihald, 80 mg/Nm³ sem sýnir að hvort sem umreiknað sé miðað við 11% eða 17% súrefnisinnihald er ryk í útblæstri stöðvarinnar verulega yfir mörkum. Farið var yfir þessar reiknireglur í eftirliti árið 2008 og fjallað um þær í eftirlitsskýrslu fyrir eftirlit árið 2008.



Umhverfisstofnun bendir á að losunarmörk fyrir ryk í starfsleyfi sorporkustöðvarinnar eru stöðluð við eftirtalin skilyrði: hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa og 11% O₂ sem 11% sem þurr gas. Rekstraraðili hefði getað farið fram á að mörkin yrðu miðuð við 17% súrefnisinnihald. Ekki finnast gögn um að það hafi verið gert. Ljóst er samkvæmt framansögðu að það viðmið hefði ekki breytt þeirri stöðu að ryk frá stöðinni er verulega yfir mörkum. Af hálfu rekstraraðila hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum á stöðinni sem ráðist hefur verið í frá 2006 til þessa til að ná rykmagni niður. Vísað er m.a. til þess að hitastig í ofninum hafi verið lagfært eftir mælingar árið 2007, úr 4-500°C í 790-900°C. Árið 2008 var settur upp felliturn til að skola út ryki í útblæstri. Felliturninn hafi þó ekki skilað tilætluðum árangri í að ná niður rykmagni í útblæstri.

Nýjar mælingar fóru fram á útblæstri í mars síðastliðnum og bárust Umhverfisstofnun, þann 18. mars 2011. Niðurstöður úr þeim sýna að enn er rykmagn verulega yfir þeim mörkum sem heimiluð eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur að niðurstöður mælinga feli í sér að tilraun með felliturn til að hreinsa útblástur skili ekki tilætluðum árangri. Stofnunin hefur veitt rekstraraðila töluvert svigrúm fyrir til að gera þessa tilraun. Í því sambandi má benda á að í bréfum dagsettum 7. janúar, 18. maí og 10. júlí 2009 var óskað eftir nánari upplýsingum um hreinsibúnaðinn og óskað eftir áætlun um hvenær búast megi við fullum afköstum. Umhverfisstofnun lítur svo á að við útgáfu starfsleyfis þurfi að vera til staðar hreinsibúnaður sem er fullnægjandi m.t.t. þeirra losunarmarkna sem fram koma í starfsleyfi.

Þar sem mælingar frá febrúar 2010 sýndu að ryk var enn verulega yfir mörkum áminnti Umhverfisstofnun rekstraraðila sorpbrennslunnar formlega þann 12. maí 2010 og gerði kröfur um úrbætur á hreinsibúnaði. Allar útblástursmælingar frá því að hreinsiturninn var settur upp sýna enn að árangur er ekki viðunandi. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að magn ryks í útblæstri sorporkustöðvar Vestmannaeyja hefur ítrekað verið verulega yfir þeim mörkum sem kveðið er á um í starfsleyfi stöðvarinnar. Þær ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gert í því skyni að ná rykmagni niður hafa ekki skilað þeim árangri að ná rykmagni niður í eða niður fyrir 200 mg/Nm³

Ítrekaðar ábendingar Umhverfisstofnunar í eftirlitsskýrslum um að gera þurfi úrbætur á hreinsibúnaði hvað varðar útblástur og formleg áminning og krafa stofnunarinnar um úrbætur frá 12. maí 2010 hafa ekki leitt til þess að rekstraraðili gerði nauðsynlegar úrbætur á hreinsibúnaði stöðvarinnar. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að grípa til frekari þvingunarúrræða gagnvart rekstraraðila til að knýja á um úrbætur í þessu skyni.

3. Um kolmónoxíð

Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 23. febrúar 2011, um áform um sviptingu starfsleyfis, var vísað til mælinga sem fram fóru í september 2010 að kröfu stofnunarinnar á kolmónoxíði. Þá mældist 169 mg/Nm³ en losunarmörk samkvæmt starfsleyfinu eru 100mg/Nm³. Samkvæmt nýjum mælingum frá því í mars sl. er kolmónoxíð 50mg/Nm³ sem samræmist ákvæði starfsleyfis. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila var unnið að því fyrir mælinguna að þetta ofninn og tveimur súrefnislokum var skipt út. Má ætla að minnkun á styrk kolmonoxíðs sem nú er undir mörkum sé m.a. komin til af betra flæði súrefnis.

4. Um mörk fyrir úrgangsvatn

4.1. Mælingar á úrgangsvatni

Í bréfi stofnunarinnar, dags. 23. febrúar 2011 er vísað til þess að niðurstöður mengunarmælinga á úrgangsvatni frá hreinsibúnaði frá því í september 2010 sýna að allir efnisþættir sem prófaðir voru nema tveir þ.e. kvikasilfur og þallíum voru yfir mörkum sem sett eru í IV. viðauka reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

4.2. Sjónarmið rekstraraðila

Fram kemur hjá rekstraraðila að ljóst sé að efni í skolvatni séu yfir mörkum sem sett eru. Á undanförunum árum hafi efnisinnihald í skolvatni frá stöðinni aukist og telur rekstraraðili það merki um að árangur hafi náðst. Ennfremur er áformað að auka vatnsmagn í felliturninum með því að dæla sjó í turninn. Með því telur rekstraraðili mögulegt að ná betur tókum á rykmagni í útblæstri.

4.3. Niðurstaða Umhverfisstofnunar varðandi úrgangsvatn

Varðandi efnisinnihald í úrgangsvatni þá gilda ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 739/2003 jafnframt ákvæðum í starfsleyfi. Í síðustu mælingu á úrgangsvatni kom í ljós að nær allir efnisþættir, nema tveir, voru yfir þeim mörkum sem sett eru í ofangreindri reglugerð. Áætlanir Bæjarveitna Vestmannaeyja um að auka vatnsmagn eins



og kemur fram í greinargerð þeirra, kann að brjóta í bága við 22. grein reglugerðar um brennslu úrgangs en þar segir: „Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna úrgangsvatnið til að losunarmörk, sem sett eru í IV. viðauka, séu virt.“ Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 10. júlí 2009 var rekstraraðila bent á að greinargerð rekstraraðila um niðurstöður mælinga og lýsingu á meðhöndlun skolvatns sé áfátt. Í bréfinu var tilkynnt að stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila yrði úrbótum ekki lokið fyrir 1. september 2009.

Umhverfisstofnun telur að enn hafi ekki verið sýnt fram á hvernig meðhöndla skuli úrgangsvatn frá stöðinni með tryggum hætti þannig að umhverfi stafi ekki hætta af. Mælingar á úrgangsvatni sýna að mörk mengandi efna eru yfir mörkum sem sett eru í reglugerð um brennslu úrgangs. Samkvæmt 22. gr. reglugerðar um brennslu úrgangs, nr. 739/2003 skal rekstraraðilinn gera viðeigandi massajafnvægis-útreikninga til þess að ákvarða losunarmagn í endanlega úrgangsvatninu, sem hægt er að rekja til úrgangsvatns frá hreinsun útblásturslofts, í því skyni að hafa eftirlit með því að losunarmörk, sem sett eru í IV. viðauka fyrir úrgangsvatnið sem streymir frá hreinsunarferli útblástursloftsins, séu virt.

5. Neyðaráætlun

Samkvæmt grein 1.7. í starfsleyfi sorporkustöðvarinnar skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntra stöðvunar á rekstri brennslustöðvarinnar. Minnt var á þessa skyldu í tölvuskeytum til rekstraraðila þann 23. mars og 19. apríl sl. sem og í símtali. Einnig var minnt á þessa skyldu í eftirlitsskýrslu fyrir eftirlit árið 2010, sem send var rekstraraðila þann 28. janúar síðastliðinn.

Þann 20. apríl sl. barst stofnuninni í tölvupósti tillaga að neyðaráætlun rekstraraðila. Í áætluninni segir að komi upp það ástand að Sorporkubrennslustöð Vestmannaeyja stöðvist fyrirsjáanlega í meira en 3 vikur samfleytt þarf að grípa til þess ráðs að flokka allan lífrænan úrgang frá öðrum úrgangi sem verður urðaður. Lífræna úrgangurinn yrði að meðhöndla á þann hátt að hann er hæfur til moltugerðar.

Umhverfisstofnun telur að útfæra þurfi áætlunin frekar. Gera þarf betur grein fyrir hvernig flokkun úrgangs skuli háttáð, hvernig meðhöndla eigi lífrænan úrgang, hvernig meðhöndla skuli úrgang sem ekki er leyfilegt að urða í Bústaðargryfju en einungis er heimilt að urða almennan óbrennanlegan heimilisúrgang á urðunarstaðnum, og hversu lengi slík neyðaráætlun haldi m.t.t. þess úrgangsmagns sem urða þarf, liggja brennsla niðri. Áætlunin þarf einnig að taka til óvæntrar stöðvunar á rekstri.

6. Niðurstaða um þvingunarúrræði

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2011 kynnti Umhverfisstofnun áform um að svipta Bæjarveitur Vestmannaeyja starfsleyfi fyrir sorporkustöð Vestmannaeyja sem gefið var út 1. júlí 2004. Byggðu þau áform á því að ryk í útblæstri stöðvarinnar hefur ítrekað, allt frá árinu 2004 mælst verulega yfir þeim mörkum sem heimiluð eru í starfsleyfi. Ennfremur var byggt á því að ekki hefur verið gerð grein fyrir meðhöndlun úrgangsvatns. Rekstraraðila var rekstraraðila veitt áminning vegna þessa jafnframt sem krafa var gerð um úrbætur innan tilekins tíma eða fyrir 1. september 2010. Í framangreindu bréfi frá 23. febrúar 2011 var rekstraraðila gefinn kostur á að koma að andmælum fyrir 23. mars 2011.

Ófullnægjandi mengunarvarnir Sorpbrennslu Bæjarveitna Vestmannaeyja sem hugsanlega hafa skaðleg áhrif á umhverfið og heilsu manna á svæðinu eru óásættanlegar að mati Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur veitt fyrirtækinu töluvert svigrúm til að betrubæta mengunarvarnarbúnað sinn en telur nú fullreynt að úrbætur náist miðað við núverandi hreinsibúnað. Loftmengun frá sorpbrennslu er almennt talin verri en flest önnur loftmengun. Það stafar m.a. af háu hlutfalli sótts og þungmálma í rykhluta útblástursins. Svifryk hefur margvísleg heilsuspillandi áhrif. Það er því æskilegt að lágmarka eins og kostur er rykmengun.

Á fundi sem haldinn var í Vestmannaeyjum þann 18. apríl sl. var farið yfir stöðu málsins og gerð grein fyrir þeim þvingunarúrræðum sem Umhverfisstofnun hefur heimild til að beita.

Samkvæmt 38. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 er Umhverfisstofnun heimilt að beita eftirfarandi úrræðum:

- 1) Áminningu, jafnframt sem veita skal veita hæfilegan frest til úrbóta ef þeirra er þörf.
- 2) Ef aðili verður ekki við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er heimilt að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag.



- 3) Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal sá kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað við verkið sem og dagsektir skv. 3. mgr. má innheimta með fjárnámi.
- 4) Ef svo alvarleg hættu stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað.
- 5) Sinni rekstraraðili ekki úrbótum og um alvarlegt eða ítrekað tilvik er að ræða getur Umhverfisstofnun svipt rekstraraðila starfsleyfi.

Þegar hefur verið veitt áminning og frestur veittur til úrbóta sem að mati Umhverfisstofnunar getur ekki orðið lengri. Áformað var að svipta rekstraraðila starfsleyfi sbr. ofangreint.

Í bréfi rekstraraðila, dags. 20. apríl 2011, segir að það sé einlægur vilji Vestmannaeyjabæjar að mál Sorporkustöðvarinnar séu í góðu lagi. Þann 10. júní nk. muni liggja fyrir hvaða aðferð verður fyrir valinu. Umhverfisstofnun skilur þessa afstöðu þannig að ákveðið hafi verið að ráðast í úrbætur á hreinsibúnaði sorporkustöðvarinnar til að ná niður ryki.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ráðist verði í úrbætur á hreinsibúnaði þegar í stað. Í bréfi rekstraraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir því að kostnaðaráætlun og nánari útfærsla úrbótaráðstafana liggja fyrir þann 1. september nk. Umhverfisstofnun telur ekki unnt að veita slíkan frest enda var, með formlegri áminningu og úrbótakröfu, dags. 12. maí 2010, farið fram á úrbætur á hreinsibúnaði fyrir 1. september 2010. Viðunandi úrbætur voru ekki gerðar fyrir þann tíma. Þrátt fyrir afgerandi afstöðu Umhverfisstofnunar í bréfi stofnunarinnar, dags. 23. febrúar 2011 var ekki brugðist við með ákvörðun um tiltekna aðgerðir heldur farið yfir hvað hafi verið gert til þessa og farið fram á frekara svigrúm

Niðurstöður nýjustu mælinga sýna að ryk í útblæstri lækkar lítillega en er enn rúmlega tvöfalt það magn sem heimilað er í starfsleyfi. Kolmónoxíð er samkvæmt þessum mælingum nú undir mörkum starfsleyfis. Neyðaráætlun skv. grein 1.7. hefur borist en þarfnast nánari útfærslu að mati Umhverfisstofnunar.

Þar sem mengunarefni í útblæstri mælast nú lítillega lægri en 2010, grunnur að neyðaráætlun hefur borist og brugðist hefur verið við kröfu um mælingar og fram kemur afdráttarlaus yfirlýsing um að úrbætur verði gerðar telur Umhverfisstofnun að hverfa megi frá þeim áformum, að svo stöddu, að svipta sorporkustöðina starfsleyfi.

Umhverfisstofnun telur að fram séu komin áform um ráðstafanir til úrbóta á sorporkustöðinni til að ná niður ryki. Ákvörðun um hvaða úrræði verði fyrir valinu liggur þó ekki fyrir né hvenær úrbætur verði framkvæmdar. Sá tími sem áætlaður fram að endanlegri ákvörðun er allt of langur að mati Umhverfisstofnunar og framkvæmdatíminn er óviss.

Legið hefur fyrir árum saman að ryk í útblæstri er verulega yfir mörkum, um ár er síðan formleg áminning og krafa um úrbætur var sett fram og fullnægjandi úrbætur hafa enn ekki verið gerðar. Umhverfisstofnun hefur því ákveðið að beita rekstraraðila dagsektum í því skyni að knýja frekar á um framkvæmd úrbóta í mengunarvörnum sorporkustöðvarinnar. Umhverfisstofnun telur raunhæft að unnt sé að framkvæma viðunandi úrbætur á 3 - 6 mánuðum. Þykja dagsektir hæfilega ákveðnar 50.000 kr. á dag frá og með 1. júní – 31. ágúst nk., en 100.000 kr. á dag frá 1. september nk.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. sbr. 2. ml. 2. mgr. 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 er Umhverfisstofnun heimilt að takmarka viðkomandi starfsemi. Sorpbrennslustöðvar eru tilgreindar á fylgiskjali með þeim lögum og var ekki gerð breyting á því með lögfestingu laga um meðhöndlun úrgangs. Takmörkun á starfsemi er mun vægara úrræði en svipting starfsleyfis og telur Umhverfisstofnun því unnt að kveða á um að starfsemin verði jafnframt takmörkuð þegar veðurskilyrði gera það að verkum að miklar líkur eru á dreifingu mengunarefna yfir íbúabyggð og matvælaíðnaðarsvæði í Vestmannaeyjum.

Ákvörðunarorð:

1) Rekstraraðili sorporkustöðvar Vestmannaeyja skal greiða dagsektir fyrir hvern dag sem stöðin er í rekstri: kr. 50.000 kr. á dag frá og með 1. júní - 31. ágúst nk. en frá 1. september 100.000 kr. á dag, þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar sem leiði í ljós að magn ryks í útblæstri sé innan losunarmarkna starfsleyfis.



2) Starfsemi sorporkustöðvarinnar er jafnframt takmörkuð sem hér segir:

„Ekki er heimilt að brenna í stöðinni ef vindátt er á milli 40°-120°, vindhraði er 2 m/s eða minni og veðurspá gefur tilefni til að áætla að þessi veðurskilyrði haldist í a.m.k. 6 klukkustundir. Ef þessar veðuraðstæður koma upp meðan brennsla er í gangi og búast má við að þær standi í a.m.k. 6 klst skal hætta að mata í ofninn og klára að brenna það sem er í ofninum.

Ennfremur er ekki heimilt að ræsa stöðina í ofangreindum veðuraðstæðum jafnvel þó veðurspá gefi tilefni til að ætla að þær var skemur en 6 klukkustundir.“

Beri ofangreindar þvingunaraðgerðir ekki árangur í losun stöðvarinnar á ryki í útblæstri innan 6 mánaða/fyrir 1. desember 2011 mun Umhverfisstofnun taka til skoðunar á ný að svipta rekstraraðila starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 39. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kærán borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst Bæjarveitum Vestmannaeyja í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Kærán sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Bréfið undirritað af Kristínu Lindu Árnadóttur forstjóra og Sigrúnu Ágústsdóttur sviðsstjóra

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

